

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15,
690 Vopnafjörður

Garðabær, 8. apríl 2024
Málsnúmer: 202402-0082
SS

Efni: Umsögn um vinnslutillögu að nýju Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps til 2040.

Vísað er í tölvubréf frá Vopnafjarðarhreppi, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 23. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi að nýju Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps til 2040.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér vinnslutillöguna, og þar sem líklegt er til að breytingar verði á tillögunni áður en hún er endanlega auglýst áskilur stofnunin sér rétt á ítarlegri athugasemdum á síðari stigum. Að svo stöddu vill Náttúrufræðistofnun koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Jákvætt er að sjá áherslu á sjálfbæra og varfærna nýtingu á náttúruauðlindum sem meginþráð í stefnu aðalskipulagsins. Í stórum dráttum má segja að það endurspeglar ágætlega í landnotkunaráformum sveitarfélagsins því frekar lítið er um breytta landnotkun heilt yfir sem og lítið um áform um framkvæmdir sem líklegt er að valdi umfangsmiklu raski á lítt snortinni náttúru. Þó eru nokkrar undantekningar eins og uppbygging á Þverárvirkjun sem hefur farið í gegnum umhverfismat. Afar brýnt er að fylgt sé áliti Skipulagstofnunar um framkvæmdina m.t.t. útfærslu og hönnunar, að lágmarka neikvæð áhrif á t.d. votlendi og ekki síst um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir.

Þá er gert ráð fyrir mögulegum jarðgöngum yfir í Hérað og á eftir að kanna betur hver umhverfisáhrif af þeirri framkvæmd geta orðið. Sum skipulagsáform hafa minnkað að umfangi frá fyrri tillögu t.d. hafa áætluð athafnasvæði á Kolbeinstanga minnkað og frístundabyggðum hefur fækkað. Ný efnistökusvæði eru fá, eitt tengist Þverárvirkjun og er tekið undir almennar ábendingar í umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 5. apríl 2024 um stefnumótun og varfærni við efnisnám í og við fallvötn. Ný skógræktarsvæði eru sömuleiðis fá en sum allstór og mikilvægt að tryggja að heppilegustu svæðin séu valin til skógræktar með tilliti til umhverfisáhrifa. Gert er ráð fyrir landfyllingu og/eða lengingu hafnarkants í Vopnafjarðarhöfn. Meta þarf vandlega umhverfisáhrif þeirra framkvæmda.

Jákvætt er sjá skýr markmið um að styðja við virkni vistkerfa og að vernda ósnortna náttúru Vopnafjarðar fyrir komandi kynslóðir. Það endurspeglar m.a. í skilmálum um að forðast að skerða frekar votlendi og birkiskóga og um val á plöntum og trjategundum í skógrækt. Einnig ætti að horfa til þeirra skilmála við frekari útfærslu á frístundabyggð við Þorbrandsstaði. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um útfærslu á þessum atriðum til að forðast neikvæð áhrif af skógrækt og uppbyggingu frístundabyggðar og verslunar- og þjónustu (s.s. veiðihúsa) á t.d. vistgerðir með hátt verndargildi og búsvæði mófugla. Tekið er undir ábendingu í umsögn Fiskistofu frá 13. mars 2024 að fyrirkomulag lax- og silungsveiði í auðugum veiðiám



sveitarfélagsins tryggja sjálfbæra nýtingu og bregðast þurfi við fækkun bleikju í Vesturdalsá með endurskoðun á veiðifyrirkomulagi eins og við á.

Náttúruverndarsvæði eru fjögur í sveitarfélaginu og eru á núverandi náttúruminjaskrá (C-hluta). Ekki eru nein friðlýst svæði í sveitarfélaginu. Tækifæri er fyrir sveitarfélagið að horfa til þess að styrkja náttúruvernd enn frekar með því að skoða friðlýsingu á svæðum sem metin hafa verið með mjög hátt verndargildi. Er landslags- og jarðminjasvæðið í Fagradalsfjöllum og Kollumúla þar tilvalið dæmi sem og fuglasvæðin í Bjarnarey og við Fuglabjargarnes. Umfangsmikil víðernissvæði eru sömuleiðis innan sveitarfélagsins með gróskumiklum heiðalöndum, vötnum og ám, sem hafa mjög hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við vinnslutillöguna en áskilur sér rétt á fleiri ábendingum síðar þegar endanleg tillaga er auglýst og er tilbúin til ráðgjafar um einstök málefni skipulagsins er tengjast fagsviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

